

# Niðurstaða útboðs á grænum almennum skuldabréfum

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á ISB GB 27 1122 flokki almennra skuldabréfa (e. senior preferred). Heildareftirspurn í útboðinu var 2.420 m.kr á ávöxtunarkröfunni 8,29% - 9,00%.

Seld voru skuldabréf að fjárhæð 1.680 m.kr. í flokknum á ávöxtunarkröfunni 8,78%.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 28. febrúar 2023.

Stefnt er að skráningu bréfanna á Nasdaq Iceland þann 28. febrúar 2023 og verða þau gefin út undir European Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans.

Andvirði útgáfunnar mun verða notað til lánveitinga sem uppfylla skilyrði sem sett eru fram í sjálfbærum fjármálaramma Íslandsbanka. Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans: <https://www.islandsbanki.is/is/vara/bankinn/fjarmognun-bankans>.

## Tengiliðir

Fjárfestatengsl - [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

## Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

## Viðhengi

[Niðurstaða útboðs á grænum almennum skuldabréfum](#)